

Meðferð og ferli hegðunarfrávika í Sjálandsskóla

Um skólareglur

Í reglugerð um skólareglur (270/2000) er kveðið á um að skólareglur skuli vera skýrar og afdráttarlausar og í samræmi við aðalnámskrá og lög um grunnskóla. Í þeim á að kveða á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar og hollar lífsvenjur. Í reglunum á að koma skýrt fram hvenig skólinn ætlar að bregðast við brotum á þeim.

Í Sjálandsskóla er lögð áhersla á að byggja upp skólabrag sem einkennist af vinsemd og virðingu.

Skólareglur Sjálandsskóla

Eftirtaldar reglur voru samþykktar sem skólareglur Sjálandsskóla á fulltrúaþingi í skólanum haustið 2005.

1. Skólinn er vinnustaður okkar allra, hver nemandi og starfsmaður á rétt á því að fá frið til að vinna sína vinnu.
2. Við virðum hvert annað, hjálpumst að og komum vel fram við alla í orði og verki.
3. Við fylgjum fyrirmælum starfsmanna.
4. Við komum með hollt og gott nesti í skólann.
5. Við hugsum vel um skólann, eigur okkar og annarra.
6. Við göngum hljóðlega um og sýnum varúð í allri umgengni í skólanum og á skólalóðinni.
7. Skólalóðin er leiksvæði okkar allra og við sýnum sanngirni í leik og starfi.

Frávik frá skólareglum

Mikilvægt að starfsmenn, foreldrar og nemendur séu meðvitaðir um æskilega hegðun og viðbrögð við hegðunarfrávikum. Nemendur fá fræðslu og þjálfun varðandi greinarmuninn á æskilegri hegðun og hegðunarfrávikum.

Í Sjálandsskóla er leitast við að hafa skýr og fyrirsjáanleg viðbrögð við hegðunarfrávikum. Hegðunarfrávikum er skipt upp í þrjú stig eftir alvarleika.

Í dagsins önn er ekki óeðlilegt að nemendur gleymi sér og þurfi leiðsögn um atferli. Flestum málum lýkur *yfirleitt* með leiðsögn og ábendingu. Ef (mál eru þannig sprottin eða) nemendur ekki tilbúnir að taka leiðsögn setur starfsmaður þau í skýrt ferli.

Lögð er áhersla á að minniháttar hegðunarfrávik fynnist á tveimur vikum en barn sem ekki sýnir öðrum og umhverfi sínu virðingu og vinsemd sé stutt með markvissum aðgerðum skóla og heimilis.

1. stigs Hegðunarfrávik

Dæmi um hegðunarfrávik þar sem ástæða er til að ætla að barn sé með ásetningi að brjóta skólareglur og tekur ekki leiðsögn starfsmanns.

Dæmi um 1. stigs hegðunarfrávik

- Þras, ögrun, rifrildi
- Trufla afhafnir, leiki eða vinnu annarra
- Ganga illa um
- Pikk og pot, ögrandi snerting
- Garg, gól, hlaup á göngum
- Koma seint í tíma/fara úr tíma án leyfis
- Fara án leyfis út af skólalóðinni

Framkvæmd og eftirfylgni vegna 1. stigs hegðunarfrávika

Nemandi er tekinn til hliðar og rætt við hann. Grennslast fyrir um málsatvik ef mál eru þannig vaxin. Nemanda er leiðbeint og lögð áhersla á að hann skilji hvaða reglu hann braut og viti hvernig hann á að bregðast við næst. Nemandi er látinn endurtaka regluna. Lögð er áhersla á að kennari/starfsmaður hrósi nemanda fyrir samvinnu

Í fyrsta sinn sem starfsmaður þarf að leiðbeina nemanda í kjölfar 1. stigs hegðunarfrávíks og nemandi tekur strax leiðsögn telst málinu lokið. Ef um ásetning er að ræða, nemandi tekur ekki leiðsögn eða ef nemandi endurtekur frávikið á næstu tveim vikum er það skráð í Mentor.

Ef nemandi hefur þrisvar sinnum sýnt fyrsta stigs hegðunarfrávik samsvarar það annars stigs hegðunarfráviki og skal framfylgt samkvæmt því.

2. Stigs hegðunarfrávik

Dæmi um hegðunarfrávik þar sem illgirni og ásetningur ræður athöfnum og eða orðum nemenda. Orð og atferli valda öðrum vanlíðan og /eða bera vott um vanvirðingu.

Dæmi um 2. stigs hegðunarfrávik

- Sérandi eða niðrandi orðbragð
- Óhlýðni, neitar að fylgja fyrirmælum
- Ósannsögli, svindl
- Niðurbriótandi áreitni, hrekkir, stríðni
- Skemmdir á eigum annarra eða skólans
- Óleyfileg notkun á tölvum og upplýsingatækni
- Hnupl
- Áflog þar sem allir málsaðilar sættast og engir eftirmálar eru
- Skróp í tíma
- Þegar nemandi fær annan nemanda til að framkvæma 2. stigs hegðunarfrávik

Framkvæmd og eftirfylgni vegna 2. stigs hegðunarfrávika

Umsjónarkennari/kennari eða nemandi sjálfur (í viðurvist kennara) hefur samband við foreldra/forráðamenn. Kennari skráir atvikið í Mentor.

Daginn eftir gera foreldrar grein fyrir því hvaða niðurstöðu samtal foreldra og nemenda skilaði með símtali eða tölvupósti.

Ef nemandi sýnir 2 stigs hegðun á ný innan tveggja vikna boðar umsjónarkennari foreldra / forráðamenn til fundar sem hefur það hlutverk að búa til umbótaáætlun með samstarfi nemenda, foreldra og skóla.

Ef nemandi hefur þrisvar sinnum sýnt annars stigs hegðunarfrávik samsvarar það þriðja stigs hegðunarfráviki og skal fylgt eftir samkvæmt því, þó án þess að foreldri sé kallað í skólann samdægurs.

3. Stigs hegðunarfrávik

Hér er um að ræða alvarleg hegðunarfrávik sem stofna öryggi og vellíðan nemenda og/eða starfsfólks í hættu og leiðir til alvarlegrar truflunar á skólastarfi. Ólöglegt athæfi er öllu jöfnu tilkynnt lögreglu.

Dæmi um 3. stigs hegðunarfrávik

- Ofbeldi/líkamsárás
- Verulega ógnandi hegðun / alvarlegar hótanir
- Alvarleg skemmdarverk
- Þjófnaður
- Meðferð vopna, eldfæra, fíkniefna
- Þegar nemandi fær annan nemanda til að framkvæma 3. stigs hegðunarfrávik

Framkvæmd og eftirfylgni vegna 3. stigs hegðunarfrávika

Þegar nemandi hefur orðið uppvís að einhverju framantöldu er hann tekinn úr aðstæðum, undir eftirliti starfsmanns/kennara og haft samband við foreldra eins fljótt og unnt er. Mælst er til þess að umsjónarkennari hringi í foreldra á yngri stigum en viðkomandi starfsmaður/kennari í eldri bekkjum.

Foreldrar / forráðamenn eru boðaðir til fundar með nemanda, skólastjórnanda og umsjónarkennara. Nemandi fer ekki inn í bekk fyrr en fundað hefur verið og málið til lykta leitt. Þangað til er nemandinn í öðrum verkefnum.

Sé ekki unnt að funda samdægurs er rík áhersla lögð á að fundað sé strax við upphaf næsta skóladags, til að nemandi missi sem minnst úr kennslu. Tekið skal fram að eigi atvik sér stað á föstudegi myndi fundur dragast fram á mánudagsmorgun.

Sé um alvarlegt atvik að ræða getur oft verið betra að bíða með fund til næsta dags til að nemandi fái tíma til að hugsa um það sem gerðist, fara yfir það sem upp kom í rólegheitum með foreldrum sínum og skólinn geti á sama hátt undirbúið fundinn betur. Oft eru dýpri ástæður að baki en foreldrar og/eða starfsfólk skóla grunar. Vönduð vinnubrögð leiða til farsællar lausnar.

Ef nemandi hefur endurtekið sýnt þriðja stigs hegðunarfrávik getur skólastjóri vísað nemanda tímabundið úr skóla og/eða vísað málinu til skólaskrifstofu.

Gildistaka og kynning

Ferlið tekur gildi 1. des. 2007. Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri hafa kynnt ferlið fyrir öllum umsjónarhópum. Ferlið hefur verið rætt í foreldraráði og í tvígang á kennarafundi. Skólastjóri kynnir ferlið fyrir foreldrum.

Líklegt er að ferlið þróist og taki breytingum í ljósi reynslunnar. Allar breytingar verða kynntar nemendum, starfsmönnum og foreldrum.

Desember, 2007

Helgi Grímsson, skólastjóri Sjálandsskóla